



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar við Caput, Stórsveit Reykjavíkur, Kammersveit Reykjavíkur og Nordic Affect til samþykktar

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 12. febrúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi undirritaðir samstarfssamningar: Caput 2018-2020, Stórsveit Reykjavíkur 2018-2020, Kammersveit Reykjavíkur 2018-2020 og Nordic Affect 2018-2020.

Samningarnir voru samþykktir sbr. 4. gr. fundargerðar og er hér með vísað til borgarráðs til samþykktar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur við Caput 2018-2020
Samstarfssamningur við Stórsveit Reykjavíkur 2018-2020
Samstarfssamningur við Kammersveit Reykjavíkur 2018-2020
Samstarfssamningur við Nordic Affect 2018-2020

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Caput tónlistarhópur kt. 491188-1629, Bragagötu 27, 101 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

Samningur þessi fjallar um stuðning Reykjavíkurborgar við starfsemi tónlistarhópsins Caput á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Caput er að styðja mikilvægan vettvang fyrir flutning samtímatónlistar á Íslandi.

Markmið Caput er vandaður tónleikaflutningur og útgáfa á nýrri tónlist, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla er lögð á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar og að stuðla þannig að eflingu og þróun íslenskrar hennar, en einnig að flytja erlenda nútímatónlist.

2. gr. Forsaga

Caput hefur frá upphafi (1987) sérhæft sig í hágæðaflutningi samtímatónlistar. Heimsþekkt tónskáld hafa samið verk fyrir hópinn sem og flest íslensk samtímatónskáld. Caput tekur virkan þátt í tónlistarlífi Íslands og umheimsins, hefur leikið á fremstu tónlistarhátíðum heims, farið í fjölmargar tónleikaferðir og gefið út geisladiska hjá nokkrum af þekktustu útgáfufyrirtækjum heims. Starfsemi Caput er áætluð sambærileg við undanfarin ár, tónleikar á Íslandi, tónleikaferðir og þátttaka í tónlistarhátíðum erlendis auk margvíslegra hljóðritana á nýjum tónverkum. Áherslan er á flutning íslenskra tónverka í bland við ný og áhugaverð erlend verk. Markmiðið er að vanda flutning sem allra mest svo tónlistin fái notið sín. Caput byggir á áralangri reynslu og hefur hefur skapað sér sess meðal fremstu flytjenda í heiminum í flutningi nýrra verka.

Caput hefur sérstöðu í íslensku tónlistarlífi. Hópurinn er jafnan talinn meðal virtustu flytjenda samtímatónlistar í Evrópu. Þá er Caput aðili að öflugum tengslaneti leiðandi norrænna nútímatónlistarhópa sem hafa staðið fyrir stórum samvinnuverkefnum. Áform eru um öfluga útrás í Evrópu í þessu samhengi. Caput hefur auk þess frá upphafi tekið virkan þátt í tónleikahaldi á Íslandi og ávallt með það að leiðarljósi að kynna nýja íslenska tónlist. Ein grunnástæða fyrir stofnun hópsins var enda sú að á Íslandi yrði til taks sérþjálfður hópur framúrskarandi hljóðfærleikara sem annast gæti flutning á krefjandi samtímatónlist og komið fram á tónlistarhátíðum eins og Myrkum músíkdögum, Norrænum músíkdögum, Ung Nordisk Musik, Listahátíð í Reykjavík, Sumartónleikum í Skálholti og sambærilegum viðburðum hérlendis og erlendis.

Caput, eins og tónlistarlífið í heild, stendur nú á tímamótum. Útgáfa og sala geisladiska hefur að stórum hluta lagst af, netdreifing á tónlist er orðin almenn en sala er lítil. Aftur á móti hafa tækifæri til tónleikahalds og aðsókn að tónleikum aukist mikið, bæði hér heima og erlendis. Hljóðritanir eru þó ekki síður kostnaðarsamar en áður: tæknilegar kröfur mjög miklar og úrvinnsla tímafrek og sérhæfð. En þrátt fyrir þrengri sölumarkað er dreifingin mikil og útbreidd, sem gerir hljóðritanir og útgáfu jafnvel mikilvægari en áður.

Styrkur Caput er m.a. sá að meðlimir eru nánast þeir sömu í dag og frá stofnun - ólíkt því sem gengur og gerist meðal sambærilegra hópa erlendis. Nú sjá meðlimir þó fram á kynslóðaskipti og þá er mikilvægt að undirbúa jarðveginn vel því markmiðið er að geta rétt keflið áfram með



reism. Ein hugmynd í þessu samhengi er að stofna uppeldisstöð ungs framúrskarandi tónlistarfólks sem hefði þann sameiginlega áhuga að vinna á vettvangi samtímatónlistar. Vinnuheitið er CAPUT cino. Haldnar yrðu tvær til þrjár vinnubúðir á ári, tíu dagar í senn, með intensífum æfingum, kennslu, tónleikum og hljóðritunum. Þar fengju stofnmeðlimir Caput tækifæri til að miðla umfangsmikilli reynslu sinni til nýrrar kynslóðar ungra hljómlistarmanna.

3. gr. Framlag Caput

Caput tekur að sér að annast flutning tónlistar samkvæmt verkefnaáætlun hljómsveitarinnar fyrir árin 2018 til 2020 er fylgdi umsókn. Caput sinnir tónleikum, upptökum og útgáfu á nýrri íslenskri tónlist fyrst og fremst en einnig flutningi erlendrar samtímatónlistar. Caput starfar með öðrum aðilum að flutningi á íslenskri sem erlendri nútímatónlist eftir því sem tilefni gefst til. Auk þess sinnir Caput alþjóðleg samstarfi með því að vinna með erlendum tónlistarmönnum bæði innanlands og utan. Þá sinnir Caput upptökum og útgáfu á ýmsum stafrænum miðlum í samstarfi við ýmsa útgefendur innanlands og utan. Á öllu kynningarefni Caput, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hljómsveitin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Caput til í beinum fjárframlögum kr. 1.800.000.- á ári 2018, 2019 og 2020. Upphæðirnar greiðast í tveimur greiðslum kr. 900.000.- þann 16. - 18. febrúar og 16. - 18. júní ár hvert.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

Caput ber ábyrgð á að starfsemi hópsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Caput ber ábyrgð á skuldbindingum sem hljómsveitin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Caput er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2018, 2019 og 2020 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Caput skilar þá Menningar- og ferðamálasviði ársreikningi og skýrslu fyrra árs, og áætlun um rekstur og efnahag ársins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji Caput hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er skrifstofustjóra menningarmála heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.



8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Fyrirvari og ágreiningur

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 24.07 2018

F.h. Reykjavíkurborgar

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigrún Ráðsdóttir".

F.h. Caput

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to be a name like "Caput".

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

myranna Leifsdóttir 050977-3829
Lára Adalsteinsdóttir 250624-4499

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kammersveit Reykjavíkur kt. 620574-0159 gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við starfsemi Kammersveitar Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Kammersveit Reykjavíkur er að styðja við árlega starfsemi hljómsveitarinnar og öfluga þátttöku hennar í tónlistarlífi borgarinnar.

2. gr. Forsaga

Kammersveit Reykjavíkur hefur starfað óslitið frá stofnun 1974. Hún hefur æ síðan haldið úti, af mikilli elju, tónleikaröð með fjölbreyttu efnisvali. Kammersveitin skipar nú sess í tónlistarlífi Reykjavíkur og landsins alls sem sinfóníetta, eða millistærð af hljómsveit. Þannig fyllir Kammersveitin rúm sem hvorki Sinfóníuhljómsveit Íslands né litlir, fámennir hópar geta sinnt. Samstarf Kammersveitarinnar og íslenskra tónskálda hefur á þessum áratugum verið einstakt, því Kammersveitin hefur frumflutt ótal verk og gefið út fjölmarga diska með verkum þeirra auk annarrar útgáfu. Ríkisútvarpið hefur sinnt tónleikaupptökum mjög vel síðustu ár og hefur allflestum tónleikum Kammersveitarinnar verið útvarpað nokkrum dögum eftir tónleika. Hjá Kammersveitinni ríkir algjört jafnrétti og hópur hljóðfæraleikaranna skiptist nokkuð jafnt milli karla og kvenna. Sama gildir um ábyrgðastöður, verkefnavalsnefnd og verkefnastjórn. Við verkefnaval er einnig reynt að taka tillit til kynjasjónarmiða, sérstaklega þegar kemur að því að panta og leika ný verk. Miðaverði er stillt í hóf. Innan Kammersveitarinnar starfa hljóðfæraleikarar með ólíkan bakgrunn sem teljast allir með þeim fremstu í sinni röð.

3. gr. Framlag og markmið Kammersveitar Reykjavíkur

Kammersveit Reykjavíkur stefnir að því að bjóða áfram upp á metnaðarfulla tónleikadagskrá í höfuðborginni þar sem áheyrendum gefst kostur á að hlýða á framúrskarandi flutning á áhugaverðum tónverkum. Kammersveitin vinnur að nýsköpun í íslenskri tónlist með frumflutningi á verkum íslenskra tónskálda, hljóðritunum og geisladiskaútgáfu. Á tónleikum Kammersveitarinnar fá hljóðfæraleikarar hennar tækifæri til að spreyta sig á krefjandi og spennandi verkefnum. Kammersveitin leitast við að sinna börnum með tónleikum og námskeiðum. Við undirritun samnings liggur efnisskrá ársins 2018 fyrir með tónleikum og upptökum. Kammersveit Reykjavíkur vill leggja sitt af mörkum til að vera flaggskip kammertónlistar í Reykjavík.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kammersveitar Reykjavíkur, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hljómsveitin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hljómsveitin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar vistitreykjavik.is við kammersveit.is/ til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað og setja tónleika Kammersveitarinnar á viðburðadagatal borgarinnar hvirfill.reykjavik.is/ á ensku og íslensku.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kammersveit Reykjavíkur til í beinum fjárframlögum kr. 1.800.000.- á ári 2018, 2019 og 2020. Upphæðirnar greiðast í tveimur greiðslum kr. 1.000.000.- þ. 16. – 18. mars og kr. 800.000 þ. 16. - 18. júní ár hvert.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hljómsveitarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Kammersveit Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi hennar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Kammersveitin ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning.

Henni er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september 2019 og 2020 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Kammersveitar Reykjavíkur að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár.

Kammersveitin skilar þá Menningar- og ferðamálasviði áætlun um rekstur og efnahag komandi starfsárs og árituðum ársreikningi og skýrslu fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji Kammersveit Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er skrifstofustjóra menningarmála heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Fyrirvari og ágreiningur

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 30.1. 2018

F.h. Reykjavíkurborgar

Sigrún Rásdóttir

F.h. Kammersveitar Reykjavíkur

Pinnar Óskarnan

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Kristín V. Thorgeirsdóttir
151160-4419

Inga María Lífadóttir

050977-3829

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Kammerhópurinn Nordic Affect kt. 6505071850, Naustabryggju 27, 105 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

Samningur þessi fjallar um stuðning Reykjavíkurborgar við starfsemi Kammerhópsins Nordic Affect á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Kammerhópinn Nordic Affect er að styðja mikilvægan vettvang fyrir framsækna tónlist á Íslandi.

2. gr. Forsaga

Kammerhópurinn Nordic Affect er búinn að koma sér á kortið innan lands og utan sem framsækinn tónlistarhópur. Starf Nordic Affect einkennist af nýstárlegri nálgun og frumleika í verkefnavali en hópurinn hefur frá upphafi starfs síns 2005 flutt allt frá danstónlist 17.aldar til raftónlistar okkar tíma. Hópurinn hefur komið fram á fjölda tónlistarhátíða og leikið inn á ýmsar hljómplötur sem hafa hlotið Íslensku Tónlistarverðlaunin og Kraumsverðlaunin ásamt frábærum viðtökum í erlendum tónlistarblöðum. Jafnframt hefur Nordic Affect verið valinn Tónlistarhópur ársins á Íslensku Tónlistarverðlaununum, verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og valinn Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar. Listrænn stjórnandi Nordic Affect frá upphafi er Halla Steinunn Stefánsdóttir. Kammerhópurinn hefur í gegnum árin unnið að verkefnum sem tengjast þekkingarsköpun okkar tíma, hvarfi frá karllægum gildum og skoðun á möguleikum tónlistar á 21. öld. Hópurinn á því í samtali við sinn tíma gegnum tónlist og vinnur í síauknu mæli út frá 'ecological perspective' eða með vistfræðinálgun að leiðarljósi. Slík nálgun innan tónlistar felur í sér allt frá skoðun á möguleikum hljóðfæra yfir í skoðun á tengslum hópsins við áheyrendur og það rými sem hann vinnur í, hvort heldur tónleikarýmið sjálfst eða samfélagið. Mörg af þeim tónskáldum sem hópurinn vinnur með í dag eiga jafnframt í skemmtilegum tónlistartilraunum þar sem allt frá líkömnun og samspili milli flytjenda er skoðað yfir í að möguleikar tónlistar eru kannaðir til að veita okkur nýja sýn á t.d. samband manns og umhverfis. Þessi áhersla endurspeglast í verkefnum ársins 2018 og 2019 sem fylgja umsókn.

3. gr. Framlag Kammerhópsins Nordic Affect

Kammerhópurinn Nordic Affect tekur að sér að annast flutning tónlistar samkvæmt verkefnaáætlun hljómsveitarinnar er fylgdi umsókn. Nordic Affect sinnir tónleikum á innlendum hátíðum s.s. Myrkum músikdögum og Sumartónleikum í Skálholti, rannsóknum, plötuútgáfu, innlendum og erlendum samstarfsverkefnum, Vetrartónleikaröð Nordic Affect í Mengi, tónleikum erlendis, EBU tónleikum (Sambands Evrópskra Útvarpsstöðva), vinnustofum og vídeóupptökum. Á öllu kynningarefni Nordic Affect, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hljómsveitin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Nordic Affect til í beinum fjárframlögum kr. 1.000.000.- á ári 2018, 2019 og 2020. Upphæðin greiðist þann 16. – 18. mars ár hvert.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hljómsveitarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

Nordic Affect ber ábyrgð á að starfsemi hópsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Nordic Affect ber ábyrgð á skuldbindingum sem hljómsveitin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Nordic Affect er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í ágúst - september árin 2019 og 2020 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Nordic Affect skilar þá Menningar- og ferðamálasviði ársreikningi og skýrslu fyrra árs, og áætlun um rekstur og efnahag ársins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji Nordic Affect hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er skrifstofustjóra menningarmála heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Fyrirvari og ágreiningur

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík,

26. / 2018

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Kristín V. Thorgeirsdóttir
157160-4419

F.h. Kammerhópsins Nordic Affect

inga mínir lífidstök

050977-3829

Mönnunar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar	
05 FEB. 2018	
Málsnr.: RMF	17120006
Skjalaflokkur:	3.1.3

Mönnunar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Stórsveit Reykjavíkur kt. 520593-2259 gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

Samningur þessi fjallar um stuðning Reykjavíkurborgar við starfsemi Stórsveitar Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með stuðningi við Stórsveit Reykjavíkur er að styðja við markmið hennar, starfsemi og öfluga þátttöku hennar í tónlistarlífi borgarinnar.

Markmið Stórsveitar Reykjavíkur eru:

- Metnaðarfullt tónleikahald
- Að flytja nýja tónlist, bæði íslenska og erlenda, með sérstaka áherslu á frumflutning.
- Að flytja klassíska stórsveitartónlist frá ólíkum tímabilum jazzsögunnar.
- Að starfa með stjórnendum og einleikurum í fremstu röð.
- Að blanda saman stefnum og straumum.
- Að kynna stórsveitartónlist fyrir ungu fólki.
- Að hljóðrita bæði alvarlega og léttari tónlist fyrir stórsveit.
- Að vera sterkt afl, bæði í tónlistarlífi höfuðborgarinnar og landsins alls.
- Að nálgast öll verkefni af vandvirkni og metnaði.

2. gr. Forsaga

Stórsveit Reykjavíkur var stofnuð í febrúar 1992. Sveitin telur 17 hljóðfæraleikara sem allir eru vel menntaðir atvinnutónlistarmenn, þar af nokkrir af fremstu jazztónlistarmönnum þjóðarinnar. Í heimi rytmískrar tónlistar á Íslandi skipar stórsveit svipaðan sess og Sinfóníuhljómsveit Íslands gerir í klassískri tónlist. Hún er fjölmennasti tónlistarhópur landsins á þessu sviði, samnefnari þeirra sem leggja með alvarlegum hætti stund á aðra tónlist en klassíska. Stórsveit Reykjavíkur hefur á undanförunum 25 árum haldið á þriðjahundrað tónleika víðsvegar í Reykjavík og einnig á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Hún hefur lagt sig eftir breiðum stíl tónlistarlega séð; flutt nýja og framsækna íslenska og erlenda tónlist, en einnig leikið vinsæl eldri verk með vinsælustu söngvurum þjóðarinnar. Þannig spanna fáir tónlistarhópar álíka breidd og Stórsveit Reykjavíkur, frá hinu nýjasta og sértækasta til hins alþýðlegasta. Stórsveitin heldur að jafnaði átta tónleika á hverju starfsári. Sveitin hefur sent frá sér 12 geisladiska. Fjölmargir innlendir og erlendir gestir hafa komið fram með hljómsveitinni á liðnum árum sem einleikarar, einsöngvarar og gestastjórnendur. Stórsveit Reykjavíkur frumflytur nýja íslenska tónlist, leikur nýja erlenda tónlist og eldri tónlist sem hefur sögulegt gildi, sinnir ungu fólki, tekur upp plötur og flytur inn gesti úr framvarðasveit jazzheimsins frá ólíkum menningarsvæðum.

3. gr. Framlag Stórsveitar Reykjavíkur

Tónleikaröð Stórsveitar Reykjavíkur. Átta fjölbreyttir tónlistarviðburðir í Reykjavík á ári næstu 3 árin.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Stórsveitar Reykjavíkur, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hljómsveitin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hljómsveitin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar vistitreykjavik.is við vefsæði Stórsveitarinnar til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað og setja tónleika Stórsveitarinnar á viðburðadagatal borgarinnar hvirfill.reykjavik.is/ á ensku og íslensku.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Stórsveit Reykjavíkur til í beinum fjárframlögum kr. 1.800.000.- á ári 2018, 2019 og 2020. Upphæðin greiðist í tvennu lagi kr. 900.000.- þann 16. – 18. janúar og 16. – 18. júní ár hvert.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hljómsveitarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Stórsveit Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi hennar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Stórsveitin ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Hljómsveitinni er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í ágúst - september árin 2019 og 2020 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Stórsveitar Reykjavíkur að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Stórsveit Reykjavíkur skilar þá Menningar- og ferðamálasviði ársreikningi og skýrslu fyrra árs, og áætlun um rekstur og efnahag ársins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.


8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji Stórsveit Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er skrifstofustjóra menningarmála heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.



10. gr. Fyrirvari og ágreiningur

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 5. febrúar 2018

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Stórsveitar Reykjavíkur

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: